

# Viðbragðsáætlun við hættuástandi

## **Þegar brunakerfið fer af stað ...**

... ber að rýma skólann samstundis

## **Rýming fer þannig fram að ...**

... þegar bjallan glymur skal staðið samstundis upp frá borðum (ekki eyða tíma í að setja niður í töskur) og gengið út úr stofunni. Séu yfirhafnir þar til staðar má taka þær með en ekki klæðast þeim fyrr en út er komið

... hver kennari tekur sinn nemendahóp stystu leið að næsta útgangi og út úr húsinu

... þegar út er komið skal beðið frekari fyrirmæla og ekki farið inn aftur fyrr en tilkynnt hefur verið að öllu sé óhætt.

... einungis skólameistari og húsvörður (eða staðgenglar þeirra, þ.e. aðstoðarskólameistari og afleysingahúsvörður) geta heimilað að farið sé inn í húsið á ný

## **Kynnið ykkur viðbragðsáætlun og flóttaleiðir**

Teikningar af flóttaleiðum hafa verið hengdar upp á göngum skólans – kynnið ykkur stystu flóttaleið út úr skólanum.

Rifjið upp þessa viðbragðsáætlun með reglulegu millibili og hugleiðið eigin viðbrögð við rýmingu

***Skólameistari***